

8. gr.

Grein 11.0 orðist svo:

Flugmálastjórn Íslands hefur eftirlit með því að flugrekendur fylgi ákvæðum reglugerðar þessarar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að reglugerð þessari sé fylgt að því er varðar póstsendingar.

9. gr.

13.0 orðist svo:

Flugmálastjórn Íslands (flugöryggisvið) getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa og flugöryggi verður ekki stefnt í hættu.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 26. júní 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

RARIK í Hveragerði.

RARIK (Rafmagnsveitur ríkisins) selur raforku í smásölu í Hveragerði á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

A.1A Almenn notkun og heimilisnotkun.

Orkugjald	7,89	kr./kWh
Fastagjald, 1-fasa	3.268	kr./ári
Fastagjald, 3-fasa	6.472	kr./ári

A.2A Skammtímanotkun (mannvirkjagerð).

Orkugjald	10,09	kr./kWh
Fastagjald	6.472	kr./ári

B.1A Afl- og orkumæling.

Orkugjald	3,04	kr./kWh
Aflgjald	10.848	kr./kW/ár
Fastagjald	58.113	kr./ári

B.2A Götulýsing.

Aflgjald	15.582	kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	20.871	kr./kW/ár
Samtals	36.453	kr./kW/ár

C.2A Rofin hitun.

Orkugjald	4,22	kr./kWh
Fastagjald	4.518	kr./ári

C.3A Næturorkunotkun

Orkugjald	3,04	kr./kWh
Fastagjald	3.630	kr./ári

G.2A Garðyrkjulýsing

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.)	1,856	kr./kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl)	3,723	kr./kWh
Fastagjald	115.720	kr./ári

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 564, 6. júlí 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Helgi Bjarnason.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985 - 2005,
svæði norðan og austan tjaldstæðis.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005 frá 6. mars 1987.

Breytingin felst í því að tvær spildur á opnu svæði til sérstakra nota norðan og austan tjaldstæðis verða svæði fyrir smáhýsi/frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.